



Menntun og hæfni

Skólakerfið á Íslandi - yfirlit

- Leikskóli frá 1 eða 2 ára til 6 ára.
- Grunnskóli frá 6-16 ára. **Skólaskylda.**
- Framhaldsskóli frá 16-19 ára (og eldri). Unglingar á aldrinum 16-18 ára eiga rétt á að sækja framhaldsskóla.
- Í framhaldsskóla lærir fólk til stúdentsprófs eða iðnnám.
- Háskóli eða sérskólar.
- Framhaldsfræðsla fyrir fullorðna.

Leikskóli



- Leikskóli er fyrsta skólastigið. Flest börn á Íslandi fara í leikskóla á bilinu 1-2 ára en það er ekki skylda.
- Leikskólar eru annaðhvort einkareknir eða reknir af sveitarfélögum.
- Það þarf að sækja um pláss á leikskóla og stundum er biðlisti.
- Börn sem hafa íslensku sem annað mál njóta forgangs.
- Flest börn fara í leikskóla sem er í þeirra hverfi.
- Leikskóli er ekki ókeypis. Foreldrar greiða hluta af kostnaðinum á móti sveitarfélögum. Það er afsláttur ef foreldrar eru með fleira en eitt barn á sama leikskóla.


Leikskóli - framhald



- Börn fá heitan mat í hádeginu. Þau fá líka ávexti, brauð og álegg yfir daginn.
- Börn á aldrinum 1-3 ára leggja sig á daginn og fá dýnur, kodda og teppi.
- Börnin fara út að leika sér á hverjum degi. Líka þótt það sé rigning eða snjór. Þau þurfa að eiga regngalla, stígvél, kuldagalla, kuldaskó, húfu og vettlinga.
- Barnanna er gætt vel bæði úti og inni.
- Útivera hressir og kætir og ef að börn eru vel klædd verður þeim ekki kalt.

Hvað gera börn á leikskólum?

- Á leikskólum er dagsskipulag og fastir punktar í starfinu.
- Meðal þess sem er gert á öllum leikskólum er að:
 - Unnið er með málörvun barnanna og grunnur lagður að læsi þeirra og öllu námi.
 - Það er sungið með börnunum og þau læra mörg lög.
 - Það er lesið fyrir börnin og þau skoða bækur.
 - Börnin föndra og mála mikið og vinna fjölbreytt verkefni í sköpun.
 - Börnin leika sér, bæði inni og úti (á sérstöku útisvæði með öruggum leiktækjum).
 - Börnin fara stundum í vettvangsferðir með kennurum sínum. Þá eru þau alltaf í áberandi öryggisvestum.



Leikskóli - framhald

- Foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtöl með leikskólakennara. Þá er farið yfir þroska barnsins og hvernig því gengur á leikskólanum.
- Þroskapróf og próf í hljóðkerfisvitund eru lögð fyrir börn í leikskólum.
- Börn með fötlun fá þjálfun og stuðning frá þroskaþjálfara eða sérkennara.
- Starf á leikskólum byggir á aðalnámskrá leikskóla á grundvelli laga um það skólastig. Hver leikskóli gefur einnig út starfsáætlun.
www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/

Leikskóli - framhald

- Faglegt og fjölbreytt starf með börnum er unnið á leikskólum.
- Börn af erlendum uppruna fá grunn og þjálfun í íslensku sem er nauðsynlegt fyrir gott upphaf á skólagöngu þeirra
- Börn þjálfast margt á leikskóla:
 - Markvisst er unnið með málörvun og málþroska þeirra.
 - Þau þjálfast samvinnu og tillitssemi gagnvart hvert öðru.
 - Þau verða sjálfstæðari.
 - Þau eru betur undirbúin að hefja skólagöngu sína.



Grunnskóli – almennar upplýsingar

- Það er 10 ára skólaskylda á Íslandi.
- Börn byrja í skóla árið sem þau verða 6 ára. Þau byrja í fyrsta bekk.
- Börn ljúka skólaskyldu árið sem þau verða 16 ára. Þá eru þau í 10. bekk.
- Skólinn frá 1. – 10. bekkjar heitir grunnskóli.
- Öll börn eiga rétt á að ganga í skóla og foreldrum ber skylda til, lögum samkvæmt, að láta börn sín mæta í skólann.
- Foreldrar þurfa að sækja um frí fyrir börn sín og láta vita um veikindi.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá grunnskóla á grundvelli laga um það skólastig. www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/

Grunnskóli




Mynd frá VMST

- Öll börn eiga rétt á einstaklingsmiðaðri kennslu og sérkennslu ef þau þurfa á því að halda.
- Börn taka þátt í öllum námsgreinum, til dæmis taka bæði stelpur og strákar þátt í smíði, heimilisfræði, sundi og íþróttum.
- Íþróttir eru kenndar öll grunnskólaárin. Börn taka sundpróf í 9. bekk.
- Foreldrar mega ekki halda börnum heima þótt þeim (foreldrunum) mislíki einhverjar námsgreinar.
- Öll börn færast sjálfkrafa upp um bekk á haustin eftir sumarfrí. Í því samhengi skiptir námsárangur í skólanum **ekki** máli.

Námsgreinar

- Í lýðræðislegu þjóðfélagi þurfa íbúar landsins að hafa bæði almenna þekkingu og geta hugsað sjálfstætt.
- Skólar bera ábyrgð á að veita börnum almenna menntun og þjálfa sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun.
- Metið er eftir einstaklingum hvort þörf er á sértímum í íslensku sem öðru tungumáli eða stuðningi við almenna námið og gerðar eru aðlagðar námsáætlanir í bóklegum greinum ef þess er þörf.
- Einnig er hægt að sækja um að fá aðstoð við heimanám í skólum.
- Námsþættir í skólum eru margir, til dæmis:
 - Íslenska, lestur, skrift, erlend tungumál, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, kynfræðsla, lífsleikni, tölvufræði, íþróttir, handmennt, myndmennt, smíði, matreiðsla, tónmennt og sund.



Námsmat

- Mat á námsárangri er sett inn í Mentor kerfið www.infomentor.is - Matskvarði:
 - Framúrskarandi
 - Hæfni náð
 - Á góðri leið
 - Þarfnast þjálfunar
 - Hæfni ekki náð
- Foreldrar eru hvattir til að fá góðar útskýringar á forsendum mats fyrir mismunandi námsgreinar hjá kennurum.
- Framfarir eru metnar út frá hverjum einstaklingi fyrir sig og gott að hafa það í huga á samráðsfundum foreldra og kennara.
- Stundum þurfa unglingar að taka undirbúningsáfanga í einhverjum námsgreinum þegar þeir hefja framhaldsskólanám, líka þótt þeir hafi lokið grunnskóla á Íslandi.

Mentor kerfið

- Rafræna kerfið Mentor er notað í grunnskólum til að halda utan um mætingar og fjarvistir, verkefnaskil og frammistöðu nemenda.
- Foreldrar hafa aðgang að Mentor kerfinu. Þar geta þeir skráð veikindi og fylgst með hvernig börnum þeirra gengur í skólanum.
- Í Mentor er líka hægt að sjá nöfn allra bekkjarfélaganna og símanúmer og/eða netföng foreldra þeirra.
- Mentor er líka til sem app í snjallsíma.
- Það er best að nota rafræn skilríki til að komast inn í kerfið.

www.mentor.is

Samskipti í skólanum

- Enginn kennari eða starfsmaður skóla má beita nemendum líkamlegum refsingum undir neinum kringumstæðum.
- Agi í skólastarfi byggir á samskipta- og umgengnisreglum hvers skóla. Kennarar og börn eiga að sýna hvort öðru virðingu í samskiptum.
- Ef hegðunar- eða agavandamál eru mikil er leitað leiða til úrbóta með skólastjórnendum, foreldrum og fagaðilum ef á þarf að halda.
- Einelti í skólum er litið alvarlegum augum og hafa grunnskólar áætlun til að bregðast við slíku.



Mynd frá VMST

Börn með íslensku sem annað mál: Móðurmálið

- Móðurmál hvers barns er mikilvægt og lykill að samskiptum við þá sem standa barninu næst.
- Góður grunnur í móðurmáli hefur margvísleg áhrif á þroska barna.
- Foreldrar þurfa að nota og örva móðurmál barna sinna frá fæðingu.
- **Móðurmál. Samtök um tvítyngi** standa fyrir tungumálakennslu fyrir börn á mörgum tungumálum.
www.modurmal.com



Mynd frá VMST

Börn með íslensku sem annað mál: Íslenskan

- Góð kunnátta í íslensku er mikilvæg til að skólaganga gangi vel á öllum skólastigum.
 - Foreldrar þurfa að taka heilshugar þátt í skóla- og heimanámi barna sinna og gera ráð fyrir tíma fyrir það. Reglufesta, raunhæf markmið, jákvæð hvatning og hrós eru mikilvæg.
 - Heimalestur 5x í viku þar sem börn lesa upphátt fyrir foreldri/eldra systkini skiptir miklu máli.
<https://mml.reykjavik.is/>
- Það er nauðsynlegt að nota einnig tímann fyrir utan skóla til að efla og örva íslensku, meðal annars með því að:
 - Láta börn horfa á sjónvarps- og stafrænt efni á íslensku og með íslenskum texta.
 - Nota öpp og leiki sem æfa íslensku, lesskilning og aðrar námsgreinar, t.d. á www.menntamalastofnun.is og www.fraedslugatt.is
 - Hvetja börn til að lesa bækur á íslensku og fara á bókasafnið.
 - Taka þátt í leikjum og frístunda- og íþróttastarfi með skólafélögum og vinum.
- Það þarf að leggja hart að sér í nýjum aðstæðum til að ná árangri – það á líka við um börn. Áhugi og stuðningur foreldra skiptir þar máli.

Þjónusta og kostnaður

- Skólahjúkrunarfræðingur starfar í grunnskólum. Hann fræðir börn um heilsutengd málefni og börn geta leitað þangað ef þau meiða sig.
- Sálfræðingar, kennsluráðgjafar og námsráðgjafar starfa líka við og fyrir grunnskóla.
- Grunnskóli er gjaldfrjál. Börn fá allar kennslubækur að láni, auk verkefnahefta og ritfanga. Ríki og sveitarfélög greiða allan kostnað við rekstur skóla.
- Foreldrar borga fæðisgjald fyrir heitan hádegismat sem börnin fá í skólanum. Börn mega koma með nesti í staðinn.
- Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á ári, með túlki ef á þarf að halda.

Jafnrétti til náms

Í lögum um grunnskóla segir að öll börn, óháð getu eða námsörðuleikum, eigi rétt á námi við hæfi í sínum hverfisskóla.

Í lögum segir að börn með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á íslenskukennslu við hæfi.

Sérskólar eru einnig starfandi fyrir börn með þroskakerðingu, en þeir geta hentað betur en almennur skóli í sumum tilvikum.

Grunnskólar verða að fylgja námskrá ráðuneytisins. Það þýðir að börn eiga að fá jafngóða menntun hvar sem þau búa. Áherslur eru þó mismunandi milli skóla.

Gott að vita

- Skólaárið er frá lokum ágúst fram yfir miðjan júní.
- Muna skóladagatalið í hverjum skóla – ekki senda börn í skólann á frídögum!
- Það er 2-3ja daga vetrarfrí í skólum bæði á haust- og vorönn. Það er líka jólafrí og páskafrí.
- Nokkrir starfsdagar eru á hverju skólaári þegar það er ekki skóli en kennarar vinna að skipulagningu skólastarfsins.
- Það er hægt að borga fyrir gæslu á frístundaheimilum þegar það eru starfsdagar og jóla- og páskafrí fyrir utan lögbundna frídaga.
- Það er **mætingarskylda** í grunnskólum. Það þarf að sækja um frí ef það er fyrir utan lögbundna frídaga.
- Það er einnig **skylda að tilkynna veikindi** barns í gegnum Mentor eða á skrifstofu skólans.



Mynd frá VMST

Samvinna heimilis og skóla

- Samvinna heimilis og skóla er mikilvæg.
<https://reykjavik.is/foreldravefurinn>
- Börn, foreldrar og kennarar þurfa að tala saman og vera í samskiptum um það hvernig gangi í skólanum. Það má alltaf hringja eða senda kennara tölvupóst og fá upplýsingar um nám, hegðun eða líðan barns.
- Það er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með heimanámi barna sinna og hjálpi þeim að sinna því vel.
- Læsi er undirstaða fyrir allt nám. Öll börn eiga að lesa heima, upphátt fyrir foreldri, a.m.k. fimm sinnum í viku.
- Á www.mms.is og www.fraedslugatt.is er mikið af ókeypis efni fyrir börn í grunnskóla til að æfa ýmsar námsgreinar.



Samvinna heimilis og skóla - framhald

- Foreldrar velja bekkjarfulltrúa í bekk eða árgangi sem skipuleggja viðburði fyrir bekkinn og foreldra að gera eitthvað saman.
- Foreldrafélög eru starfandi í skólum. Þau skipuleggja t.d. fræðslufundi fyrir foreldra og hverfarölt um helgar.
- Facebook hópar foreldra eru algengir í skólastarfi. Þar er t.d. boðið í afmæli bekkjarfélaga eða auglýst eftir týndum fötum eða hlutum.
- Foreldrar þurfa að fylgjast vel með tölvupóstum frá skólanum og kennurum, heimasíðu skólans og upplýsingum í Mentor.

Frístundaheimili

- Öll sveitarfélög bjóða upp á vist á frístundaheimili eftir skóla fyrir börn í 1.-4. bekk frá kl. 13.30-17.00 mánudaga til föstudaga
- Fyrir fötluð börn og ungmenni er lengdri viðvera einnig í boði eftir skóla frá 5. bekk til 18 ára aldurs. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/leidbeinandi-reglur-fyrir-sveitarfelog/>
- Það er nauðsynlegt að skrá börnin sín í frístund og velja klukkan hvað þau eru sótt eða hvort þau eigi að ganga heim.
- Skráning er oftast rafræn í gegnum vef sveitarfélagsins.
- Frístund er ekki ókeypis. Gjaldið fer eftir hverju sveitarfélagi fyrir sig.
- Það er frjálst val að nýta frístundaheimili en margir foreldrar nýta frístund eftir skóla því þeir eru að vinna.

Hvað er gert á frístundaheimilum?

- Frístundaheimili eru afar mikilvæg fyrir félagsþroska barna og tungumálaörvun.
- Á frístundaheimilum er faglegt og fjölbreytt starf, börnin t.d.:
 - Spila, föndra og gera árstíðabundin verkefni.
 - Leika sér saman, úti og inni.
 - Taka þátt í hópastarfi eins og jógaklúbbi, leiklist eða tölvuklúbbi.
- Börnin fá léttan mat (til dæmis AB mjólk og múslí eða brauð og álegg) og einnig ávexti og grænmeti yfir daginn.
- Í bæði skóla og í frístund fara börnin út á hverjum degi og eiga að vera klædd eftir veðri. Börnin eru alltaf undir eftirliti.



Frístundaheimili - framhald

- Í stærri bæjarfélögum er gjarnan frístundarúta sem keyrir börn frá frístundaheimilum á íþróttæfingar eða annað skipulagt frístundastarf innan hverfisins. (Foreldrar sækja börnin sín eða þau fara sjálf heim).
- Nokkrir starfsdagar fyrir starfsfólk eru á frístundaheimilum á hverju skólaári. Þá er ekki opið fyrir börnin.
- Á sumrin þegar skólinn er lokaður eru frístundaheimilin með sumarnámskeið fyrir börn. Þá er oft farið í sund og vettvangs- og ævintýraferðir. Það þarf að skrá börn á sumarnámskeið og greiða fyrir þau.
- Mörg íþróttafélög og fleiri félög bjóða upp á sumarnámskeið fyrir börn.

Mikilvægi frístundastarfs fyrir börn

- Rannsóknir sýna að börn sem tala íslensku sem annað mál taka lítinn þátt í íþróttá- eða frístundastarfi fyrir börn.
- Að taka þátt í frístundastarfi fyrir utan skólann skiptir miklu máli fyrir öll börn.
- Þau þjálfar færni og hæfileika á nýjum sviðum, þau þjálfar félagsleg tengsl, eignast vini og læra **og nota íslensku á fjölbreyttari hátt** en eingöngu í skólanum.
- Börn af erlendum uppruna sem stunda frístundastarf eru þátttakendur í sameiginlegum reynsluheimi með bekkjarfélögum sínum sem er mikilvægt fyrir aðlögun að nýju samfélagi.
- Skipulagt íþróttá- og frístundastarf á Íslandi er faglegt og áhersla lögð á góð samskipti, samvinnu og hollt líferni.

Frístundastarf - framhald

- Í öllum hverfum Reykjavíkur og í öllum bæjum eru starfandi íþróttafélög. Þau bjóða upp á íþróttastarf fyrir börn. Fótbolti og handbolti er t.d. vinsæl íþrótt hjá bæði strákum og stelpum.
- Tónlistarskólar, fimleikafélög, sundfélög, dansskólar, karatefélög og skátafélög eru dæmi um félög sem bjóða upp á námskeið fyrir börn.
- Foreldrar taka gjarnan virkan þátt í frístundastarfi barna og fara með þeim á íþróttamót, tónleika eða sýningar.
- Oft er fjölbreytt foreldrastarf hluti af frístundastarfi barna – og það er góð leið til að kynnast öðrum foreldrum og til að æfa íslenskuna.
- Munið eftir **frístundastyrknum!**



Félagslíf barna

- Afmæli skipta flest börn miklu máli.
- Í flestum bekkjum eru reglur um afmæli og best að afla sér upplýsinga um það í t.d. foreldrahópi bekkjarins.
- Börn á Íslandi byrja snemma að fara í heimsóknir til vina og bekkjarfélaga og fá vini í heimsókn til sín. Í sumum skólum eru skipulagðir vinahópar innan bekkja.
- Það er sjálfsagt að fylgja börnum sínum í fyrstu í slíkar heimsóknir og fá símanúmer foreldra vinanna.

Félagslíf unglunga

- Félagslíf með jafnöldrum skiptir unglunga miklu máli.
- Frístundamiðstöðvar starfa í hverfum og bæjarfélögum og eru staðir fyrir unglunga að hittast. Starfsmenn eru á staðnum þegar húsin eru opin.
- Í grunnskólum taka unglingar oft þátt í ýmsu starfi tengdu áhugamálum sínum auk þess sem skemmtanir eru haldnar yfir skólaárið.
- Skólabúðirnar í Reykjaskóla í Hrútafirði <https://www.umfi.is/verkefni/skolabudir-a-reykjum/> eru fyrir börn í 7. bekk grunnskóla. Börn dvelja þar í vikutíma við nám, leik og störf.



Mynd frá VMST

Framhaldsskólar



- Börn sem ljúka grunnskóla (10. bekk) eiga rétt á að fara í framhaldsskóla.
- Framhalds – og menntaskólar bjóða upp á 3-4 ára nám.
- Í framhalds- og menntaskóla er hægt að ljúka stúdentsprófi. Það er undanfari fyrir nám í háskóla.
- Í framhaldsskólum er einnig hægt að ljúka starfstengdu námi eða iðngrein.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá framhaldsskóla á grundvelli laga um það skólastig.

www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/

Framhaldsskólar - framhald

- Ríkið greiðir kostnað við rekstur ríkisrekinna framhaldsskóla.
- Greiða þarf skólagjöld í einkareknum framhaldsskólum.
- Nemendur verða sjálfir að kaupa bækur og greiða staðfestingargjald.
- Nokkrir skólar hafa sérstakar brautir/áfanga fyrir ungt fólk af erlendum uppruna:
 - Tækniskólinn (www.tskoli.is)
 - FÁ (Fjölbraut í Ármúla) (www.fa.is)
 - FB (Fjölbraut í Breiðholti) (www.fb.is)
 - MK (Menntaskólinn í Kópavogi) (www.mk.is)

Framhaldsskólar - framhald

- Flestir sem ljúka grunnskóla kjósa að fara í framhaldsskóla og læra meira.
- Flest störf í nútímapjórðfélagi krefjast menntunar á framhalds- eða háskólastigi.
- Hátt menntunarstig þjóða bætir lífsgæði einstaklinga, eykur hagvöxt og skapar ný störf. Stjórnvöld hvetja ungt fólk til að sækja sér menntun, bæði stráka og stelpur.
- Brottfall úr framhaldsskóla meðal fólks af erlendum uppruna er töluvert á Íslandi. Það er mikilvægt fyrir ungt fólk að ljúka framhaldsnámi og nýta allan mögulegan stuðning við nám.

Aðstoð og félagslíf

- Það er sjálfsgagt að leita eftir og nýta þá aðstoð sem er í boði.
- Námsráðgjafar eru starfandi í hverjum framhaldsskóla. Þeir geta aðstoðað fólk við að finna nám sem hentar og eru stuðningur fyrir nemendur ef um erfiðleika er að ræða í náminu.
- Sumir skólar eða félagasamtök bjóða upp á heimanámsaðstoð með sjálfboðaliðum.
- Vinakerfi er stundum innan skólanna, þar sem eldri nemendur aðstoða nýja nemendur.
- Félagsstarf framhaldsskóla er líflegt. Ýmis konar félög eru starfandi, kórar, leikhópar og haldnar skemmtanir. Áfengisbann er á öllum viðburðum á vegum nemendafélaga framhaldsskóla.



Mynd frá VMST

Menntun á háskólastigi



- Fólk sem hefur lokið stúdentsprófi úr framhaldsskóla eða menntaskóla getur farið í nám í háskóla.
- Opinberir háskólar á Íslandi eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum - Hólaskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Einkareknir háskólar eru Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands.
- Allir háskólarnir fá ríkisframlag í takt við nemendafjölda og samsetningu námsframboðs en einungis einkareknir háskólar mega taka skólagjöld af nemendum sínum.

Háskólanám - framhald

- Í nokkrum námsgreinum í háskólanámi er inntökupróf eða einungis ákveðinn fjöldi nemenda kemst áfram á annað ár.
- Í flestum greinum eru þó ekki fjöldatakmarkanir og þarf lágmarkseinkunnina 5 til að halda áfram námi.
- Margir ljúka háskólanámi á Íslandi. Konur eru þar í meirihluta.
- Í öllum háskólum er skráningargjald en skólagjöld einnig í einkareknum háskólum. Nemendur greiða sjálfir fyrir öll námsgögn.

Fjármögnun háskólanáms

- Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir námsmönnum námslán á meðan á námi stendur. Lánið er háð tekjum og námsframvindu. www.lin.is
- Námslán gerir fólki kleift að stunda háskólanám óháð fjárhagslegri stöðu eða bakgrunni.
- Margir stúdentar vinna einnig hlutastarf með náminu.
- Stúdentagarðar eru með íbúðir til leigu fyrir nemendur. Þar er ódýr leiga. Það er biðlisti til að komast í slíka íbúð. www.studentagardar.is

Erlendir stúdentar

- Háskóli Íslands býður upp á diplómanám í íslensku sem öðru máli og einnig nám á BA stigi í íslensku fyrir erlenda stúdentar.
www.hi.is
- Til að komast í diplómanámið þarf að standast TOEFL próf í ensku.
- Til að komast í BA námið í íslensku þarf að hafa stúdentspróf og hafa góðan grunn í íslensku.
- Það er misjafnt eftir öðrum sviðum innan háskólanna hvort gerðar eru kröfur um stöðumat í íslensku eða ensku fyrir erlenda stúdentar.
- Það er best að fá tíma hjá námsráðgjafa í viðkomandi skóla til að skoða möguleika á námi og/eða til að fá metið fyrra háskólanám.



Mynd frá VMST

Að meta nám og vottorð frá öðrum löndum

- Ef þú hefur lokið námi eða stundað nám við erlendan skóla getur þú sótt um að fá mat á námi þínu hjá ENIC/NARIC skrifstofunni. www.enicnaric.is
- Ef um lögverndað starfsheiti er að ræða þarf starfsleyfi frá viðkomandi ráðuneyti.
- Á heimasíðu Europass er yfirlit yfir lögvernduð starfsheiti á Íslandi. Sjá www.erasmusplus.is/menntun
- Þegar formlegt mat fer fram þarf umsækjandi að skila inn umsóknarblaði ásamt staðfestu afriti af prófskírteini til ENIC/NARIC sem svarar erindinu með formlegu bréfi.
- Löggilt iðnnám erlendis frá er metið hjá IDAN fræðslusetur (fyrir utan rafiðngreinar). www.idan.is

Framhaldsfræðsla/fullorðinsfræðsla

- Símenntun er hluti af lífi fullorðinna í sífelld ríkari mæli.
- Sumir ljúka framhaldsskóla, iðnnámi eða háskólanámi seinna á lífsleiðinni. Aðrir skipta um starfsvettvang og læra eitthvað nýtt eða bæta við sig framhaldsnámi. Margir sækja bæði frístundanámskeið og starfstengd námskeið á hverju ári.
- Tæknivæðing, ný störf og sjálfvirknivæðing starfa hefur áhrif á líf og störf fullorðinna. Þörfin fyrir að fylgjast með nýjungum og bæta við sig menntun er mikil.

Framhaldsfræðsla - framhald

- Símenntunarstöðvar starfa um allt land og bjóða meðal annars upp á íslenskunámskeið, tungumálanám, frístundanámskeið og nám á framhaldsskólastigi fyrir fullorðna.
- Hjá símenntunarstöðvum býðst einnig ókeypis náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna.
- Sérstakir tungumálaskólar starfa einnig sem bjóða uppá íslenskunámskeið.
- Sérskólar eins og tölvuskólar, nuddskólar, nám fyrir meirapróf bifreiða, bókhaldsnám og margt fleira eru starfandi.

Námsbrautir FA (Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins)

- Skólar með gæðavottun frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu geta boðið upp á sérstakar námsbrautir sem eru niðurgreiddar af Fræðslusjóði og eru tiltölulega ódýrt nám.
- Dæmi um slíkt nám eru Menntastofur þar sem fullorðin fólk lærir stærðfræði, íslensku og fleiri greinar sem undirbúning fyrir háskólabrú Keilis eða undirbúningsnám í HR. Að því loknu getur fólk sótt um nám í háskóla. www.keilir.net, www.ru.is
- Námsbrautirnar skiptast í starfstengt nám og almennt nám og má sjá námskrárnar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

Námsbrautir fyrir innflytjendur



Mynd frá VMST

- Námsbrautir FA sem sérstaklega eru ætlaðar innflytjendum eru:
 - *Að lesa og skrifa á íslensku*, sem er ætluð þeim sem þurfa að læra og þjálfra sérstaklega lestur og skrift auk tölvuþjálfunar og grunn í íslensku.
 - *Íslensk menning og samfélag*, sem er ætluð fólki með nokkurn grunn í íslensku (á stigi 3-4) þar sem áhersla er á íslenskunám, samfélagsfræðslu og tölvuþjálfun.
- Aðrar námsbrautir hafa stundum verið aðlagðar hjá símenntunarstöðvum að fólki með íslensku sem annað mál. Stutt starfsþjálfun hefur einnig verið tengd námsbrautum.
- Atvinnuleitendum standa til boða ýmis námskeið til að styrkja sig á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun heldur utan um þá þjónustu og er í samstarfi við fjölmarga fræðsluaðila.

Raunfærnimat

(Validation of non-formal and informal learning)

- Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum, búsetu erlendis og fjölskyldulífi.
- Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings og gerir færni og þekkingu sýnilega með því að meta hana á móti formlegu námi eða kröfum atvinnulífsins.
- Raunfærnimat fer fram í ákveðnum starfsgreinum sem eru fyrir fram skilgreindar. Fer það fram á vegum símenntunarstöðva víða um land.
- Skilyrði eru að vera orðinn 23 ára eða eldri og hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu úr því starfi sem meta skal. www.frae.is www.naestaskref.is

Náms- og starfsráðgjöf

- Náms- og starfsráðgjafar mæta einstaklingi á hans forsendum og aðstoða við að finna stefnu í námi eða starfi á grunni áhuga, færni og styrkleika.
- Það getur verið gott að tala við náms- og starfsráðgjafa til að auka sjálfsþekkingu, greina áhugasvið, setja sér markmið, fá upplýsingar um námsleiðir og aðstoð við atvinnuleit.
- Náms- og starfsráðgjafar kenna gjarnan námstækni í skólum og styðja nemendur. Þeir veita einnig þjónustu vegna raunfærnimats.
- Náms- og starfsráðgjafar starfa á öllum skólastigum. Hjá símenntunarstöðvum eru viðtöl einstaklingum að kostnaðarlausu.

Vefsíður

www.bifrost.is

www.enicnarc.is

www.erasmusplus.is/menntun

www.fa.is

www.fb.is

www.frae.is

www.fraedslugatt.is

www.fraedslumidstodvar.is

www.fristund.vala.is

www.hi.is

www.holar.is

www.icelandiconline.com

www.idan.is

www.infomentor.is

www.island.is/simennt

www.keilir.net

www.klettaskoli.is

www.lbhi.is

www.lhi.is

www.lin.is

www.mcc.is

www.mentor.is

www.mimir.is

www.mk.is

www.mml.reykjavik.is/

www.mms.is

www.mms.is/listi-yfir-skola

www.modurmal.com

www.multimal.org

www.naestaskref.is

www.rafraenreykjavik.is

www.retor.is

<https://reykjavik.is/frettir/nyir-baeklingar-fyrir-foreldra-um-malthroska-barna-og-lesskilning>

www.reykjavik.is/foreldravefurinn

www.ru.is

www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/leidbeinandi-reglur-fyrir-sveitarfelog/

www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/

www.studentagardar.is

www.thetincanfactory.eu

www.tskoli.is

www.unak.is

<https://www.umfi.is/verkefni/skolabudir-a-reykjum/>



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið